



FÉLAG GRUNNSKÓLAKENNARA  
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112  
fg@ki.is • www.ki.is

## Ársfundur FG 2015, 5.-6. mars

Haldinn í Fróða sal KÍ á Flúðum

Fimmtudagur 5. mars og föstudagur 6. mars

*Mætt:* Ólafur Loftsson (ÓL), Guðbjörg Ragnarsdóttir (GR), Mjöll Matthíasdóttir (MM), Rósa Ingvarsdóttir (RI), Sigurður Halldór Jesson (SHJ), Geirlaug Ottósdóttir (GO), Kristjana Hrafnisdóttir (KH), Hulda Hauksdóttir (HK), Kristín Gestdóttir (KG), Nanna María Elfarsdóttir (NME), Guðný Stefanía Stefánsdóttir (GSS), Sigfús Aðalsteinsson (SA), Hildur Jórunn Agnarsdóttir (HJA), Inga María Friðriksdóttir (IMF) Bergmann Guðmundsson (BG), Helga Tryggvadóttir (HT), Guðbjörg Íris Atladóttir (GÍA), Svava Hjaltalín (SH), Páll Erlingsson (PE), Margrét Þórisdóttir (MP), Lára Guðrún Agnarsdóttir (LGA), Theódóra Skúladóttir (TS) Þórunn Steindórsdóttir (ÞS), Anna Lena Harðardóttir (ALH)

### Dagskrá ársfundar:

Ólafur Loftsson setur fundinn og fer yfir hverjir eiga seturétt á fundinum og fer yfir dagskrá fundarins. Nafnakall – fundarmenn kynna sig stuttlega.

Kosning starfsmanna: Fundarstjóri Mjöll Matthíasdóttir, fundarritari Hreiðar Oddsson

Mjöll tekur við stjórn fundarins og býður gesti velkomna,

#### Dagskrá ársfundar:

1. Fundur settur
2. Val á fundarstjóra og fundarritara.
3. Ársskýrslastjórnar
4. Ársreikningar
5. Starfsáætlun stjórnar
6. Önnur mál

#### Dagskrá:

##### Fimmtudagur:

13:15 Setning fundar, fundarstjóri og fundarritari  
Skýrsla stjórnar  
Ársreikningar  
Önnur mál  
15:00 Vinnuhópar I  
18:00 Hlé á vinnuhópum  
19:00 Hátíðarkvöldverður

##### Föstudagur

8:00-9:00 Morgunmatur  
9:00 – 12:00 Vinnuhópar II  
12:00 Hádegisverður  
13:00 Skil vinnuhópa og umræður  
14:45 Brottför til Reykjavíkur

## Dagskrá ársfundar:

Ólafur Loftsson setur fundinn og fer yfir hverjir eiga seturétt á fundinum og fer yfir dagskrá fundarins. Nafnakall – fundarmenn kynna sig stuttlega.

Kosning starfsmanna: Fundarstjóri Mjöll Matthíasdóttir, fundarritari Sigurður Halldór Jesson Mjöll tekur við stjórn fundarins og býður gesti velkomna,

### Skýrsla stjórnar

ÓL flytur skýrslu stjórnar

- Samþykkt seinnihlutar samnings um vinnumat
- Hvers vegna kjörsókn var svona dræm. ÓL leggur áherslu á hversu baklandið er mikilvægt, trúnaðarmenn og fulltrúar okkar í sjóðum KÍ.

Ólafur þakkar öllum fyrir þau miklu og góðu störf sem félagsmenn hafa unnið fyrir félagið á undanfögnu.

Umræður um skýrslu stjórnar.

- Umræður um hvernig hægt er að styðja við kennara til að takast á við vinnumatssamtalið.
- Spurning hvernig fólk muni upplifa vinnumatið og hvernig reynslan muni vera af því
- Áhyggjuefni hópurinn sem hafnaði vinnumatinu

Ársskýrsla samþykkt samhljóða.

### Reikningar lagðir fram til kynningar

Mjöll Matthíasdóttir kynnti helstu niðurstöður reikninga FG og gerði grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins.

Ársreikningar samþykktir án athugasemda.

### Starfsáætlun stjórnar FG

ÓL kynnir starfsáætlun stjórn FG út árið. Stjórnarfundir eru mánaðarlega þó ekki í júlí þar sem þá er sumarfrí. Í mars er ársfundur FG, NLS fundur og innleiðing vinnumats.. Samráðsfundur verður annað hvort í apríl eða maí. Í júní er vinnufundur stjórnar. Í ágúst verða samráðsfundir og í september NLS fundur. Haustþing, trúnaðarmannafundur verða í ágúst fram til október. Undirbúningur kjaraviðræðna hefst í ágúst og verður allt árið.

### Önnur mál

Páll spyr út í hvort hugsa þurfi fyrir meiri tíma í trúnaðarmannanámskeið næsta haust. ÓL ljóst að reikna þarf meiri tíma í námskeið fyrir trúnaðarmenn.

Guðbjörg Íris Hefur áhyggjur af því sem er framundan. Heldur að það verði mikið að gera næsta haust fyrir trúnaðarmenn. Haustið gæti boðið upp fullt af nýjum trúnaðarmönnum sem þekki ekki til vinnumatsins nægjanlega vel. Taka verður á því og aðgerðaáætlun þarf að vera til.

Ekki fleiri önnur mál.

MM slítur formlegum ársfundi / frestar fundi.

*Vinna í umræðuhópum hefst. Fundarmönnum skipað í hóp til að ræða umræðuefni sem listuð eru upp hér fyrir neðan:*

**Samantekt umræðuhópa  
Vinnuhópar á ársfundinum verða:**

- Breytingar á Vonarsjóði

Rósa Ingvarsdóttir tekur saman það sem kom fram á umræðunum. Reglurnar þykja flóknar og þær þarf að einfalda. Hópmeðlimir sammála um að sjóðurinn skiptist í styrk til ferðakostnaðar og einstaklingsstyrk. Allnokkrar umræður skapaðist um þennan lið eins t.d. hópstyrki, tölvukaup, bókarkaup og fagtímarit.

- Endurskoðun á fjárhagsáætlun og umræða um fé til svæðafélaga

Mjöll Matthíasdóttir tekur saman umræðuna. Fjármál svæðafélagann mikið rædd og það hversu rekstrargrundvöllur þeirra er mismunandi. Sum félögin vantar fjármagna til reksturs. Nefndin var sammála um að beina því til stjórnar að skoða skiptingu fjár á milli svæðafélaganna og að hleypa af stokkunum sjóði sem svæðafélögin geta sótt í t.d. til að halda þing.

- 0,1% sem samið var um í síðasta kjarasamningi og ráðstöfun á því

Ólafur Loftsson tekur saman umræðuna. Hópmeðlimir sammála um það upplegg sem lagt var fyrir ársfundinn. Þ.e. að nýta fjármunina t.d. fyrir trúnaðarmenn v/innleiðingar á vinnumati, kynningarkostaður, nýta þau til að stofna sjóð sem styrkir verkefni sem unnin er í tengslum við kennslumál, nota fjármunina til bókaútgáfu um kennslumál. Hafa upphafs og endapunkt á styrkgreiðslum vegna verkefnis þar sem fólk uppfærir sig úr B.ed í M.ed.

- Kjaramálin; Hvað er framundan – innleiðing á vinnumati

Guðbjörg Ragnarsdóttir tekur saman niðurstöður hópsins. Innleiðing vinnumatsins rætt, t.d. kynningarfundir með trúnaðarmönnum, plaköt. Hvernig byggjum við upp stéttina eftir þau átök sem hafa verið í gangi. Hugsu þarf kynninguna alveg út á enda. Senda bréf á kennara þar sem þeir eru hvattir til að halda til haga vinnu sinni og skrá hjá sér það sem þeir eru að gera. Búið að gera efnisgrind fyrir kynningabækling. Mikilvægt að styrkja trúnaðarmanninn.

Ólafur tekur saman í stuttu máli það sem fram kom á fundinum og slítur fundi kl. 13.30

Ritari: Sigurður Halldór